

LANDHELGISMÁL

1.

LANDHELGI EDA LANDAÐN.  
 SÍÐFERÐISLEGUR RÉTTUR ÍSLENDINGA ER RÉTTURINN  
 TIL AÐ LIFA.

Hinn 19. marz 1952 mun um allan aldur verða merkur dagur í útvegssögu Íslendinga. En þá var út gefin hin nýja reglugjörð um stækkun fiskveiðilandhelginnar.

Einn, en lífa aðeins einn, annar dagur, getur og mun keppa við 19. marz í þeirri sögu, en það er 15. maí, því þá tók reglugjörð þessi gildi.

Þegar sá dagur rann, gladdi óvenjuleg sýn íslenzkt sjómannauga. Hin stóru veiðiskip, jafnt íslenzk sem erlend, og einnig hin smærri ísl. skip, er veiði hafa stundað með botnvörðu eða dragnót, héldu burt af þeim fiskimiðum, sem bátafлотanum er lífsnauðsyn, að búa í friði, burt af miðunum, þar sem íslenzkir sjómenn á línu- og netabátum, við síversnandi áfkomu hafa háð langa og stranga baráttu fyrir lífi sínu og lífi íslenzku þjóðarinnar.

Þennan dag þökkðu, þessir sjómenn festu íslenzkrar stjórnarvalda, en einnig og ekki síður skilning og víðsýni þeirra íslenzku útvegsmanna og sjómanna, sem nú var bægt burt af hinum nýju friðuðu miðum, en lögðu blaðir þá fórn á altari nýrra afkomuskilyrða íslenzku þjóðarinnar.

Þennan dag sáú Íslendingar lettrað á vegginn hið mikla fyrirheit: Sá sem vill vinna, hann skal og mat fá, - fyrirheitið um það, að Íslendingar með atorku og þeirri dirfsku, karlmennsku og þrautsegju, sem þeim er í blóð borin, halda áfram að heyja af alefli fangbrögðin við fárviðri og skamdegismyrkur, þá skuli þeim að nýju kleift að draga nægilega björg í búið til þess að enn megi halda í heiðri helgustu hugsjón íslenzku þjóðarinnar, þá með mega frjáls lifa menningarlífi í hinu fagra landi sínu.

Þennan dag festust Íslendingar í trúnni á það, að í hinum vestræna heimi ráða lög og réttur ríkjum, einnig þótt smáþjóð eigi um það að sækja undir margar stórþjóðir.

Þennan dag sáú Íslendingar rofa fyrir nýjum degi.

Þennan dag átti Ísland eina sál.

-----

Ég ætla ekki að ræða um, hvort Íslendingar höfðu ástæðu til þessarar miklu gleði. Sá sem bjargað er úr lífshættu, gleðst, þótt hann viti að nýjar hættur muni verða á vegi hans. Gleði íslenzku þjóðarinnar stafapi af því, að henni hafði lengi verið ljóst, að mikil og geigvænleg hætta grúfði yfir henni vegna eyðingar fiskimiðanna.

Hún hafði löngu gert sér grein fyrir, að ef hinar stóru og volúgu vinarþjóðir héldu áfram að seðja sig við matborð Íslendinga, mundu leifarnar ekki nægja Íslendingum til lífsviðurværis. Um þetta þarf ekki að fræða Íslendinga. Þeir vita það vel, raunar alltof vel, þó ekki væri af öðru en því, að á s.l. ári varð að taka nærri allan bátaútveginn til opinberra skuldaskila, fyrst og fremst vegna þverrandi aflagengs, sem stafar af rányrkju erlendra þjóða á íslenskum fiskimiðum.

-----

En nú gera Íslendingar sér vonir, og ég held réttmætar vonir, um mjög bættu afkomu vegna friðunarinnar og bykjast raunar vita, að síðar muni koma í ljós, að allar þær þjóðir sem fiskveiðar stunda við strendur Íslands, muni einnig njóta góðs af þessum ráðstöfunum. Að Íslendingar líti þannig á málið, má m.a. sjá af því, að íslensk stjórnarvöld hikuðu ekki við að bægja íslenskum skipum burt af friðaða svæðinu, jafnt hinum smætri sem þeim stærri, og veiðar stunduðu með botnvörpu eða dragnót.

En gleggst má þó marka þetta af því, að nætri allir þeir íslensku útvegsmenn, sem þessar fórnir færa, gera það með fullum skilningi og af fúsum vilja.

-----

Ég er enginn spámaður og get því ekki með neinni vissu sagt fyrir um, hvort þessar friðunarráðstafanir dragi dilk á eftir sér, þ.e.a.s. hvort þeir sem telja sig missa spón úr aski sínum muni leggja stein í götu okkar vegna þeirra.

Hinsvegar sé ég enga ástæðu til að fara dult með þá persónulegu skoðun míns að ég þenni einnkis kvíða í þessum efnum, því hvorki býst ég við óvinveittum aðgerðum, né heldur óttast ég þær, þó að þeirra væri von.

Ég held að Íslendingum sé margt verr gefið en að sameinast á hettunnar stund og vel gæti ósanngjörn erlend aðstaða gegn sjálfsbjargarviðleitni Íslendinga sameinað okkur og þannig snúist okkur í haginn.

-----

Rök Íslendinga hafa að nokkru leyti verið birt þjóðinni í þeim orðsendingum, sem íslenzka og brezka stjórnin hafa skipst á um málið. Ég leiði því hjá mér í dag að ræða þau, en endurtek að mér verða það mikil vonbrigði, er hafizt verður handa gegn okkur í þessu máli, vegna þess að þeir, sem líklegastir eru til að gera það, eru líka ólíklegastir til þess. Ég á við Breta.

Ég skal færa fáein rök fyrir þessu hugboði mínu.

Það er haft á orði að Bretar muni beita okkur refsiaðgerðum.

Ég skil vel, að málsvarar, brezkra útvegshagsmuna stefni um það kröfum að brezkum stjórnarvöldum. Slíkt er eðlilegt, því þessir menn skilja betur stundarhag sinn en framtíðarheill í þessu máli og einnig betur skaða sinn en rétt okkar og þörf.

En það eru ekki þeir, sem ráða í Bretlandi, heldur brezk stjórnarvöld.

Ég held að í þessu máli hafi Íslendingar ekkert aðhafst annað en það sem Bretar hefðu sjálfir gert, ef þeir hefðu verið í okkar sporum. Og ég leyfi mér að vona, að brezk stjórnarvöld muni ekki láta neinum haldast það uppi að stefna hefndaraðgerðum að Íslendingum fyrir það eitt að þeir hagnýta sér rétt, ~~sem~~ þeir með engu móti geta án veðið, enda þótt af því leiði, að Bretar geti ekki lengur notið friðinda, sem að sönnu hafa verið þeim til hagsbóta, en sem þeir eiga ekki réttmæta kröfu til.

Og seint mun ég festa trúnað á, að brezk stjórnarvöld bannfæri sölu þeirrar vöru í Bretlandi, sem Íslendingar með miklum blóðfórnum lögðu á fátækleg matborð aðþrengdrar þjóðar í síðustu heimsstyrjöld, íslenska fisksins.

Með þessum og fleiri rökum tel ég óþarft að óttast refsiaðferðir Breta vegna friðunarráðstafanna.

-----

Þá heyrir um það erætt, að Bretar muni stefna málinu fyrir Haag-dómstólinn. Auðvitað er ekkert við því að segja. Slíkur er háttur síðaðra þjóða, og á þeirri málsmeðferð er a.m.k. sá kostur, að fiskveiðilandhelgi Íslendinga byggist þá hvorki á velvild né víðsýni þeirra, sem á sig telja gengið, heldur á lögum og rétti, líka rétti Íslendinga til að lifa.

Íslendingum ber að gera sér ljóst, að alveg eins og þeir telja það skyldu íslenskra stjórnarvalda að verja íslenska hagsmuni með eðlilegum og löglegum hætti, þannig hvílir hin sama skylda á brezkum stjórnarvöldum varðandi brezka hagsmuni.

Meðal margs annars, sem brezk stjórnarvöld munu veða og meta með alkunnri gætni og vitsmunum, áður en þau stefna þessu máli fyrir Haag-dómstólinn, eru auðvitað heildar-hagnaðarlíkur brezku þjóðarinnar af slíkum málarekstri.

Við sem trúum á lagalegan og ekki þó síður siðferðislegan rétt Íslendinga í málinu, eigum engu að kvíða í þessum efnum.

Við höfum leitað álíts frægustu sérfræðinga og vandað til málsins með það fyrir augum að ákvörðun okkar verði ekki hrundið. Meira öryggi var ekki hægt fyrirfram að tryggja. Siðferðilega réttinn er auðvelt að styðja mörgum sterkum og margþettum rökum. Einföldustu rökin eru þó hér sem endranær sterkust. -

Siðferðislegur réttur Íslendinga í þessu máli er rétturinn til að lifa.

-----

Ég trúí því þar til annað reynist, að einmitt Bretar virði þann rétt. Þeir hertóku land okkar, þegar þeir áttu líf sitt að verja og þegar þeim kom bezt buðum við land okkar og lið - einmitt okkar einvala lið, sjómennina - til að verja þeirra líf og þeirra völd.

Við gerðum það af frjálsum vilja og af einlægum bróðurhug, vegna þess að Bretar börðust ekki aðeins fyrir sínu lífi heldur einnig fyrir frelsi og sjálfsákvörðunarrétti allra þjóða, smárra og stórra, - fyrir helgustu hugsjón mannlígs lífs, fyrir því sem Íslendingar meta meira en sjálft lífið.

En einmitt þetta sannar betur en allt annað, að Íslendingar hafa lögmæta ástæðu til að vænta góðs, en ekki illis af Bretum, nú þegar Íslendingar berjast fyrir frelsi sínu og framfararheill.

-----

Ég átti sæti í ríkisstjórn Íslands, þegar Bretar hertóku Ísland. Skömmu síðar flutti ég ræðu hér af svölum Alþingishússins. Bretar töldu sér þá samúð Íslendinga til hagsbóta. Ég fór ekki dult með dóm minn um Breta, byggðan á þekkingu á sögu þeirra og miklum persónulegum kynnum af mörgum brezkum mönnum. Máli mínu til sönnunar vitnaði ég þá m.a. í þessi ummæli eins af merkustu stjórnsmönnum Breta:

"Guð hefur útvalið smáþjóðirnar til þess að færa göfugustu vínin að vörum mananna barna, svo hjörtu þeirra megi gleðjast, andans sýn glæðast, trú þeirra vaxa og styrkjast".

Og enn fremur:

"Réttlætið er dýrmetasta eignin".



Sjálfur bætti ég svo við:

"Þetta eru orð þess að þjóðforingjum Breta, sem á síðari árum hefur náð hvað mestri lýðhylli þar í landi og ekki sízt vegna þess, hversu meistamalega hann kunni að segja þeim þjóðin hugsaði.

Íslendingar eiga ekki að þurfa að óttast ástæðulausa ássælni af hendi þjóðar, sem þannig hugsar".

Þetta var dómur minn um Breta, þegar þeir stóðu að heita mátti einir í baráttunni fyrir lífi sínu og mátu því nokkurs samúð og liðsinni jafnvel okkar smælinganna.

Þetta er dómur minn um Breta, þegar við smælingjarnir berjumst einir fyrir lífi okkar og sumar aðrar þjóðir leita nú forystu Breta og atvæina til sóknar gegn okkur.

Ég horfi því ókvíðinn fram á veginn og vona að í þetta skiptið reynist spásögn mín rétt, því hún er innblásin af helgum rétti gamallar menningarþjóðar til þess að lifa áfram í landi sínu.

Landauðn eða landhelgi er í dag léttrað í hver einasta íslenzkt hjarta.

Ég bið blessunar sjómönnum, útvegsmönnum, þjóð okkar og landi.

Alfaðir verndi ættjörðina.

Ræða á sjómannadaginn 8. júní 1952.

(Mbl. 10. júní 1952).

## 2.

ÞEGAR MÁLSTAÐURINN ER RÉTTUR SKIPTIR MESTU,  
AÐ ALDREI BILI KJARKURINN.

Menn spyrja oft um sigurhorfurnar í þessu máli. - Við unnum fyrsta sigurinn, þegar við höfum rannsókn varðandi rétt okkar í málinu. Síðan má tekja hvert spor, sem stigið hefur verið, sigur. Og þann stærstan, að það hefur aldrei hvarflað að okkur að efast um rétt okkar eða hika eitt andartak við að fylgja honum fram. Slíkt er skapferli Íslendinga. Og þegar málstaðurinn er réttur, skiptir miklu um úrslitin í deilu við þá, sem voldugir eru, að aldrei bili kjarkurinn, hvað sem að höndum ber.

Um það hvort réttur okkar í þessu máli yrði eitthvað skertur frá því, sem við höfum talið hann vera, ef til dóms kæmi, er best að fullyrða ekker. En fyrir það trúum við Íslendingar á aðgerðir okkar og munum ekki frá þeim hvika án dóms, að við teljum þær reistar á traustum grundvelli laga og réttar.

Að því er snertir það mikilvæga atriði hvenær Breskir útgerðarmenn fella niður kægunartilraunir sínar og viðleitni til að svelta okkur til hlýðni, þori ég ekkert að fullyrða. En mér þykir ólíklegt, að þess verði lant að bíða, að íslenskur fiskur verði enn á brezka matborðinu. Liggja að þeirri skoðun mörg rök og meðal annars þau, sem ég um áramótin lét í ljós

við stjórn Breta. Ég mun þá hafa sagt eitthvað á þessa leið:

"Að sjálfsögðu verður stjórn Bretlands að létta af löndunarbanninu með góðu eða illu vegna þess, að Bretland á meira í húfi um skjóta lausn þessarar deilu en við Íslendingar".

Aðspurður við hvað ég ætti, svaraði ég: "Í þessu máli hætta Íslendingar eingöngu daglegu brauði sínu, en Bretar heiðri sínum og virðingu".

-----

Ég vil svo að lokum segja það, að Íslendingar hafa sóma af meðferð þessa máls. Þeir hafa vandað vel málflutning sinn gagnvart erlendum þjóðum og stutt hann sterkum rökum, sýnt fyllstu kurteisni í hvítetna, en hvergi hikað né hupað þumlung frá rétti sínum. Mun svo enn verða hvað sem í skerst.

Þá höfum við einarölega skýrt mál okkar á alþjóðavettvangi og munum halda áfram að gera það, eftir því sem henta þykir. Kemur þá til álita að sækja málið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins, og Evrópuráðsins auk Efnahagssamvinnustofnunarinnar í París. Ætti að mega trœysta því, að ríkisstjórn Íslands, hver sem hún verður, taki málið upp á þessum samkundum, þegar það þykir hyggilegt, þótt sjálfsagt sé að reyna fyrst og fremst að leiða það til lykta með viðræðum við þá, sem telja sig eiga aðild að því, og þá einkum Englendinga.

Mesti styrkur okkar í þessum efnum er sá, að góður málstaður vinnur æfinlega á því að sem flestir kynnist honum. Efa ég að Bretar kunni því til langframa að fámenn vinabjóst þyki hafa undan þeim að kvarta.

Úr ræðu við setningu landsfundar 29. apríl 1953.

## 3.

## Í LANDHELGISMÁLINU VERÐUR ALDREI HVIKAÐ.

Ég hef orðið þess var, að meðal sjómann okkar hefir gætt nokkurs kvíða um, að stjórnarvöld landsins myndu kaupa aflétting löndunarbannsins í Bretlandi því verði, að slaka á körfum í landhelgismálinu. Um þetta væru íslensk stjórnarvöld nú að semja við Breta.

Allur slíkur orðrómur er úr lausu lofti gripinn og á alls enga stoð í staðreyndum.

Gegni sannast sagt furðu, að nokkur láti sér slíkt eil hugar koma, hvað þá um munn fara, um menn, sem frá öndverðu hafa staðið í fyrirsvari fyrir þjóðina, í þessu mikla velfarðaðarmáli hennar, aldrei hvikað frá settu marki og margsinnis lýst yfor því, að alrei komi til mála að víkja hársbreidd frá því sem unnist hefir, heldur beri þver á móti að sækja fram til nýrra sigra með þeim mesta hraða sem ástæður heimila.

Leyfi ég mér þessu til árettingar að minna á nokkur ummæli er ég viðhafði á Sjómannadaginn 1953. Ég sagði þá m.a., að ég hefði tilkynnt brezku stjórninni að:

"Það væri einhliða réttur strandsíkis að ákveða sjálft og eitt fiskveiðilandhelgi sína. Að sjálfssögðu yrði sú ákvörðun að byggjast á lögum og rétti, en það væri líka einmitt það sem Íslendingar hefðu í hyggju að gera. Um slíkan rétt, sem Íslendingar settu lífsafkomu sína og jafnvel þjóðfrelsi undir að gærnýta, kæmi ekki til mála að semja hvorki við Breta né aðra".

-----

Ennfremur minnit ég á þessi ummæli mín á Alþingi:

"Það er málinu sjálfu og öllum aðilum fyrir beztu, að ekki sé farið dult með þá staðreynd, að núverandi ríkisstjórn Íslands mun halda fast á málstað Íslendinga. Ef henta þykir mun stjórnin ekki hika við að flytja máli af fullri einurð á sérhverjum erlendumvettvangi þar sem, rödd Íslands heyrast. Stjórnin mun hvergi hopa, heldur sækja fram til sigurs með öllum löglegum ráðum".

Og ennfremur sagði ég, að engin íslensk stjórn gæti vikið í þessu máli, þótt hún vildi, einfaldlega vegna þess, að:

"sú stjórn sem það reyndi, yrði ekki lengur stjórn Íslands. Hún yrði að láta sér nægja að vera fyrrverandi ríkisstjórn".

Og þá fór mér orð þannig:

"Tillögur ríkisstjórnarinnar liggja ljóst fyrir. Þeim verður ekki breytt. Það fyrirheit tel ég mig geta gefið íslenskum sjómönnum á þessum hátíðisdegi þeirra, enda treysti ég því, að sérhverri ríkisstjórn, sem reynir að bregðast hagsmunum Íslendinga í þessu máli verði tafarlaust vikið frá völdum".

Þessu til viðbótar minni ég á þessi ummæli Bjarna Benediktssonar, dómsmálaráðherra:

"Við munum ekki gefast upp, fyrr en réttmætum kröfum okkar hefur verið fullnægt. Málið mun verða sótt með öllum löglegum ráðum, eftir hverri leið, sem við teljum okkur færa."

-----

Þessi ummæli og ótal svipuð höfum við Bjarni Benediktsson, dómsmálaráðherra viðhaft og alltaf í fullu umboði fyrrverandi og núverandi ríkisstjórnar, enda aldrei verið ágreiningur innan þeirra ríkisstjórna um þetta mikla mál.

Ég spyr nú: dettur nokkrum heilvita manni í hug, að ríkisstjórn sem rutt hefir hrautir í friðunarmálinu og frá öndverðu markað þá stefnu, að réttur Íslendinga sé studdur jafnt lagalegum sem siðferðilegum rökum, og aldrei hvikað hársbreidd frá henni, enda jafnan staðhæft að þessi réttur sé einhliða réttur strandríkis sem aldrei komi tik mála að semja um við Breta né nokkra aðra þjóð, - dettur nokkrum í hug að stjórn sem á sér þessa fortíð fari allt í einu að ástæðulitlu að þverbrjóta sína eigin stefnu, og öll sín fyrirheit, með því að semja nú um þennan rétt við Breta, og það einmitt, þegar málstaður Íslands er stöðugt að vinna á meðal siðmenntaðra þjóða m.a. fyrir ötula baráttu okkar sjálfra á erlendum vettvangi?

Nei, slíkt er of ósennilegt til þess að því verði trúað, jafnvel af þeim, sem ekki bera neitt oftraust til núverandi ríkisstjórnar. Einnig þeir munu skilja,

að stjórn, sem á sér fortíð núverandi ríkisstjórnar, stjórn sem skorð hefur á þjóðina, að svifta sérhverja þá ríkisstjórn tafarlaust völdum, sem hopar á hæl í friðunarmálinu, geri ekki léik að því að svifta sig sjálfa ærunni með því að brjóta stefnu sína og svíkja fyrirheit sín í þessu stórvægilega velferðarmáli þjóðarinnar.

-----

Hitt er svo annað mál, að af mörgum óskyldum ástæðum hefir ríkisstjórnin áhuga á því að löndunarbanni brezku útvegsmannanna á íslenskum ísfiski í Bretlandi verði aflétt. Ríkisstjórnin hefir aldrei farið leynt með, að hún telur þetta bann ólöglegt og lítt viðunandi. Hún harmar þann skugga, sem það hefir gært yfir sambú og vináttu Íslendinga og Breta. Og enda þótt Íslendingum hafi sem stendur tókist að komast yfir þá fjárhagsörðugleika, sem ætla mátti af þessu banni, myndi leiða, er hvorttveggja, að ástæður geta hvenær sem er breyzt, svo að þörfin til sölu í Bretlandi verði þin sama og áður, eða jafnvel meiri, sem og hitt, að fyrir íslenska sjómenn og útgerðarmenn varðar alltaf miklu að eiga þennan forna rétt úr því að ekki fylgir nein skylda að nota hann. Fara þá afnotin auðvitað eftir atvinnuástandinu á Íslandi.

-----

Ég hefi minnst á þetta mál á þessum hátíðisdegi sjómanna, til þess að firra þá öllum ótta um svik íslenskra stjórnarvalda í því. Hvorki stjórn né þing hafa nokkru sinni látið sér til hugar koma að víkja frá settu marki.



Hið eina, sem orðað ver í hópi alþingismanna, var að Ísland staðfesti með einhliða yfirlýsingu, að erlend veiðiskip mættu njóta sama réttar og fram að þessu til að fara inn fyrir friðunarlínuna í ofviðri eða af öðrum neyðarástæðum, án þess að búlka veiðarfærin, en þó með þeirri skerðingu frá því sem gilt hefur fram að þessu, að nú bæri þeim skylda til að tilkynna landhelgisgæzlunni það fyrirfram, jafnt um stað sem stundu, en slíks hefur ekki verið krafist fyrr.

-----

Ennfremur var meirihluta vilji á Alþingi fyrir samþykkt svohljóðandi yfirlýsingar:

"Þar sem reglur um landhelgi hafa að frumkvæði Íslands verið til meðferðar hjá Sameinuðu þjóðunum undanfarið samhliða reglum um úthöf, telur Alþingi ekki æskilegt að taka ákvarðanir varðandi útfærzlu friðunarlínunnar, fyrr en lokið er allsherjarþinginu á þessu ári og tími hefur unnizt til að athuga það, sem þar kann að koma fram. Alþingi tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég bið menn að athuga, að yfirlýsingin átti aðeins að gilda árið sem nú er að líða. Allt ver þetta gert með íslenzka hagsmunum fyrir augum, því enginn sem nægjanlegan kunnugleik hafði á málinu, gat látið sétt til hugar koma að hefjast handa næsta mánuðina. Það gat aðeins skaðað Íslendinga, en nú er ekki vonlaust um stærri tíðindi fyrir árslok í þessu máli. Um það fjölyrði ég ekki, enda engin víska fyrir hendi.

Af öllu þessu er augljóst, að aldrei hefir verið nokkur ástæða til tortryggni í garð stjórnarinnar út af stefnu hennar eða aðgerðum í þessu máli.

Úr ræðu á Sjómannadaginn 3. júní 1956.  
(Mbl. 5. júní 1956).

4.

NÆSTI SIGUR Í LANDHELGISMÁLINU ER MIKLU  
AUFUNNARI.

Um landhelgismálið þykist ég ekki mæla um of, þótt ég staðhæfi, að aðgerðir ríkisstjórnar Íslands í marzmánuði 1952 hafi markað djúp spor, sem gætir um víða veröld. Þá fékk kenningin um þriggja mílna landhelgina mikið áfall, en ýmsar öndvegisþjóðir höfðu fram til þess tíma krafið, að hún væri í heiðri höfð sem óbyggjandi lögmál og heimitað, að umheimurinn gerði hana að Biblíu sinni. Framtak Íslendinga við útfærslu og gerbreytingu friðunar- línunnar 1952, óhvikul fastheldni við þær gjörðir og ósveiganlegur vilji til að standa fast á réttinum - líka varðandi frekari útfærslu - hvað sem hver segði, vöktu alheimsathygli og óskipta aðdáun margra. Og hin hörðu viðbrögð og hefndarráðstafanir Brezkra útvegsmanna urðu til þess eins að auka eftirtekt á málinu og veg Íslendinga og virðingu fyrir þessari litlu þjóð, sem barðist fyrir sjálfsbjörg og jafnvel sjálfstæði sínu gegn ofurefli, hvikaði aldrei og gekk loks með sigur af hólmi. Og nú er svo komið, að enginn þorir í rauninni að halda fram helgi þriggja mílna línunnar. Nú þora andófsmenn heldur ekki að standa á friðun fjarða og flóa og fjögurra mílna landhelgi

sem endanlegri lausn, og nú hugsar all sóknarlið  
miklu hærra. Andstaðan er nú svo buguð, að næsti  
sigur er miklu auðunnari, ef fast er eftir fylgt,  
en þó með fyrirhyggju.

Úr ræðu á Sjómannadaginn 2. júní 1957.

(Mbl. 4. júní 1957).

5.

## LÁTUM EKKI VALDIÐ BEYGJA RÉTTINN.

Án efa hefur stækkun íslenzkrar fiskveiðilögsögu gripið hugi flestra Íslendinga fastari tökum en nokkurt annað mál síðustu misseri og einkum þó eftir hina fránlugu framkomu Breta eftir að nýja reglugerðin tók gildi þann 1. þessa mánaðar.

Saga friðunarmálsins er svo löng og viðbugðarík, að engin tök eru á að rekja hana til hlítar í stuttri ræðu. Verður því að nægja að stikla á því stærsta og ekki hjá komist, að hending ~~þá~~ nokkru um á hvað drepið verður og hvað undan fellur. Tel ég rétt að víkja nokkuð að því, sem aðrir hafa minna um rætt og reyna með þeim hætti að upplýsa málið frá nýjum hliðum.

-----

Margar og mismunandi reglur hafa gilt um íslenska fiskveiðilögsögu á undanförunum öldum. Verða þær ekki raktar hér. En um síðustu aldamót voru firðir og flóar friðaðir og auk þess fiskveiðilandhelgin 4 mílur.

Árið 1901 gerðu Danir, sem þá fóru með æðstu stjórn flestra íslenzkra málefna, samninga við Breta, að Íslendingum forspurðum, og þrengdu landhelgina. - Voru .á firðir og flóar, sem breiðari voru en 10 mílur, opnaðir en landhelgin að öðru leyti færð niður í 3 mílur.

Í nær hálfa öld var þjóðinni sagt, að þetta væru alþjóðalög. Flestir virðars hafa fest trúnað á þessar staðhæfingar.

Árið 1946 réi þó ríkisstjórn Íslands ungan og menntaðan þjóðréttarfræðing í sína þjónustu og fól honum að rannsaka málið til hlítar. Maður þessi var Hans G. Andersen, núverandi ambassador Íslands hjá NATO, nú löngu þjóðfrægur og raunar víðkunnur fyrir rannsóknir sínar, kenningar og baráttu fyrir hagsmunum Íslands í þessu mikla velferðarmáli íslenzku þjóðarinnar.

Árið 1948 var rannsókn málsins svo langt komið, að Alþingi Íslendinga samþykkti hin svonefndu landgrunnslög. Var það byggt á því, að landgrunnið umhverfis Ísland væri séreign Íslendinga, sem Íslendingum einum bæri umráðaréttur yfir. Voru þó ekki á því stigi málsins teknar ákvarðanir um, hvernig hagnýta bæri þann rétt.

-----

Fyrsta sporið til hagnýtingar var stigið í október 1949, þegar þáverandi utanríkisráðherra Bjarni Benediktsson, sagði upp fyrrnefndum samningi við Breta. Í honum var tilskilinn tveggja ára uppsagnarfrestur og féll hann því ekki úr gildi fyrr en í október 1951.

Rétt þótti að stíga næsta sporið strax vorið 1950. Gaf þáverandi sjávarútvegsmálaráðherra út reglugerð um friðun fiskimiða fyrir Norðurlandi, sem þó eðli málsins samkvæmt náði ekki til brezkra skipa.

Frankvæmd hennar sætti ekki miklum mótþróa og fór allt vel úr hendi.

Í október 1951 töldu íslensk stjórnvöld sér heimilar nýjar aðgerðir, en féllust þó á, samkvæmt ósk Breta, að fresta þeim þar til dómur væri fallinn í landhelgisdeilu Norðmanna og Breta, sem þá hafði verið lögð fyrir Haag-dóminn, enda var sá dómur væntanlegur í lok þess árs.

Íslendingar fylgdust vel með þeim málarekstru og þegar í stað, er dómurinn var fallinn og íslensk stjórnarvöld höfðu kynnt sér hann, var ákveðið að Íslendingar tækju sér hinn ýtrasta rétt, er þeir töldu, að þessi dómur heimilaði Íslandi. Var nú haft samráð við íslenska og erlenda sérfræðinga, en einn af ráðherrum Íslands fór síðan í Janúar 1952 til London til þess að fullnægja fyrirheiti, sem stjórnarvöld Íslands höfðu gefið Bretum um að láta þá vita um fyrirætlanir Íslendinga, áður en þær kæmu til framkvæmda.

-----

Áður en þessi for var farin, höfðu fram farið löng og ýtarleg nótuskipti milli Íslendinga og Breta um málið. Hefur margt af þeim verið birt og skal því efni þeirra ekki rakið hér. En ekki hygg ég ofmælt, það, sem sagt hefur verið að hæpið sé, að frá því stjórnin fluttist inn í landið, hafi stjórnarvöld Íslands haldið jafnfast, rökvið og viturlega á málstað Íslands gagnvart öðrum

sem þá. Vær ríkisstjórn Íslands öll sammála um meginstefnuna, en frankvæmdina höfðu þeir ráðherrarnir er málið féll undir, þ.e.a.s. utanríkisráðherra og sjávarútvegsmálaráðherra. En málatilbúnaður var allur í nútuskiptunum við Breta var <sup>að</sup>langsamlega mestu leyti verk utanríkisráðherrans og hans manna.

-----

Ráðherra sá, sem til London fór, gaf utanríkisráðherra skriflega skýrslu um málið strax að afloknum erindisrekstri. Tel ég rétt að vitna hér bæði í þá skýrslu og nokkur önnur skrifleg gögn frá þeim árum. Það mun skýra betur við hvað nú er að etja.

Í þessari skýrslu segir m.a. svo:

"Ég hafði skömmu eftir komu mína til London falið sendiherra Íslands í London að tilkynna brezku stjórninni að ég myndi reiðubúin til viðræðna um landhelgismálið úr því þriðjudagurinn 22. janúar væri liðinn og var ákveðinn fundur á milli okkar, eftir uppástungu brezku stjórnarinnar föstudaginn 25. janúar.

Þessi fyrirhugaði fundur fór svo fram á tilsettum tíma í utanríkisráðuneytinu. Voru þar mættir níu fulltrúar af hendi Breta en af hendi Íslendinga voru auk mín, Hans G. Andersen og sendiherrann í London. Eftir að formaðurinn hafði boðið okkur velkomna, gaf hann einum af aðalmönnum Bretanna orðið. Hann sagði m.a. að þeir í fiskimálaráðuneytinu væru ekki lögfræðingar, en það væri þá líka hiklaust þeirra skoðun, að Haag-dómurinn fæli ekki í sér neinn sérstakan rétt Íslendingum til handa. Í dómnum væri ekki áveðið um sjálfa landhelgislinuna, þar sem Bretar hefðu fyrir dóminn fallist á, að Norðmenn mættu helga sér 4 mílur. Sá réttur sem Norðmönnum hefði verið tildæmdur,



væri byggður á aðstæðum, sem ættu sér engar hliðstæður varðandi Ísland. Hinsvegar væri vitað, að Íslendingar hefðu uppi ráðagerðir um einhliða ráðstafanir. En í þessum málum væri ýmislegt fleira að líta en lögfræðileg sjónarmið. - Næst vék hann að því, að ef Íslendingar ætluðu sér að taka sé einhvern rétt á grundvelli þessa dóms, mundu Bretar telja það óréttmætt og ekki yrði þá hjá því komist að gefa yrðu gagnráðstafanir. Fór hann um þetta allmörgum orðum og þannig, að okkur Íslendingum þótti nóg um.

Ég svaraði þessari ræðu þegar í stað á þá lund, að ég teldi, að það myndi skýra línurann, að ég segði afdráttarlaust frá því, hvert væri álit Íslendinga. Lás ég nú upp stutt plagg, sem við höfðum samið fyrir fundinn og ákveðið að lesa upp, svo skjalfest væru aðalatriði málsins.

Það hljóðar þannig í íslenskri þýðingu:

- "1. Samkvæmt beiðni Brezku ríkisstjórnarinnar frestaði íslenska ríkisstjórnin frekari aðgerðum í sambandi við verndun fiskimiða, þangað til að vitað yrði um úrslit Haag-dómsins.
2. Lögfræðilegir ráðunautar ríkisstjórnarinnar, bæði innlendir og erlendir, telja nú, að íslenzku stjórninni sé heimilt að taka upp að minnsta kosti samskonar reglur og Norðmenn. Þetta fyrirkomulag höfðu Íslendingar einnig áður en samningurinn frá 1901 var gerður, bæði að því er varðar grunnlínur og fjögurra mílna fjarlægð frá þeim.
3. Íslendingar eru nú að undirbúa ráðstafanir sínar á þessum grundvelli."

Tók ég síðan fram, að það væri skoðun íslenzku stjórnarinnar, að frá þessu væri hvorki réttmætt né mögulegt að víkja og yrði þá að reyna á, hvað af því leiddi. Varðandi hugsanlegar refsiaðgerðir, benti ég þá þegar á, að frá íslenzku sjónarmiði yrði það talið óskiljanlegt, að það sætti séstökum hefndarráðstöfunum af hendi Bretar, að Íslendingar hagnýttu sér löglegan og í rauninni tildæmdan rétt, sem þeir gætu ekki án verið, enda þótt af því leiddi, að Bretar yrðu nú að hætta að hagnýta sér fríðindí, sem þeim væru til framdráttar, en sem þeir hefðu ekki löglegan rétt til að notfæra sér".

Þetta var tilvitnun í skýrsluna.

Meðan margra annarra raka eða fullyrðinga, sem fram komu af hendi Bretar, var m.a. þetta, - og vitna ég nú enn í skýrsluna.

"Það væri spauglaust fyrir brezk stjórnarvöld að fá yfir sig fiskveiðihagsmunina", og ennfrémur: "Segjum svo, að Íslendingar eigi þennan rétt að lögum og taki hann, en þá verða þeir líka að muna, að Bretar geta á fullkomlega löglegan hátt lokað fyrir þeim öllum brezkum fiskimörkuðum". Ennfrémur töluðu Bretar um að Íslendingar gerðu við þá ad hoc samning, sem vörkenndi einhver veruleg fríðindí okkur til handa umfram núverandi landhelgislínu, meðan sá samningur stæði .....

Ég svaraði þessu á þá þeið, að eins og ég hefði tekið fram, teldu Íslendingar sig eiga rétt til þess sjálfir að ákveða landhelgislínu sína og a.m.k. að hagnýta sér samskonar rétt, eins og Norðmönnum var tildæmdur. Ég skildi vel, að fiskveiðar Bretar fögnuðu þessu ekki, en íslensk stjórnarvöld þyrftu líka að hlusta á rödd fiskveiðihagsmunanna. Á Íslandi væru þeir hagsmunir svo mikilvægir, að engin stjórn gæti leyft sér að baka sér réttláta reiði þeirra. Slíkt

væri sambærilegt við það, að stjórn Bretlands væri stefnt í senn andúð stáliðnaðar, kola, fiskveiða og ullariðnaðar og yfirleitt flests þess, er mestu máli skipti. Ad hoc samningur kæmi ekki til greina, enda mundi m.a. af honum leiða, að Íslendingar þyrftu að taka upp samskonar samninga við aðrar þjóðir. Samkvæmt Haag-dómnun væri ljóst að strandríkinu væri ætlað einhliða að ákveða landhelgi sína, en auðvitað yrði að gæta þess, að sú ákvörðun væri í samræmi við alþjóðarétt og svo framvegis.

-----

Síðan vék ég aftur að hugsanlegum refsiaðgerðum Breta. Það væri sannleikurinn, að Íslendingar gætu ekki lifað á landi sínu nema losna við hinn örlagaríki ágang erlendra fiskiskipa á íslenskum fiskimiðum. Sem dæmi um afleiðingar þessa ágangs, vildi ég aðeins nefna, að í Faxaflóa, sem nú væru aðalfiskimið Íslendinga, hefði meðalafli í veiðiför vélbáta árið 1949 verið 7.1 tonn, árið 1950 6.1 tonn og árið 1951 5.3 tonn. Þessi afli hefði fyrst eftir stríðið verið allt upp í 14 tonn....

Sagði ég, að tilgangur minn hefði verið sá einn að skýra Bretun frá fyrirætlunum okkar og nú, að gefnu tilefni, að leitast við að skýra fyrir þeim sjónarmið okkar, sem við teldum byggð á rétti og nauðsyn."

Þetta er orðrétt úr skýrslunni.

-----

Í skýrslunni segir síðan frá því, að hlutaðeigandi ráðherra hafi um leið og hann fór heim, falið einum af umboðsmönnum Íslands að eiga tal við brezkan ráðherra, sem hann þá átti að hitta og flytja honum frá sér þessi boð:

- "1. Á Íslandi getur engin ríkisstjórn setið að völdum nema að hún freisti þess að hagnýta þann ýtrasta rétt Íslendingum til handa, sem felst í Haag-dómnum.
2. Á Íslandi getur engin þjóð búið, nema því aðeins að þess þessar tilraunir taksit".

Þessari skýrslu lýkur með þessum Orðum:

-----

"Það er mín skoðun að Íslendingar verði að vera við því búnir, að hagnýti þeir sér rétt sinn samkvæmt Haag-dómnum, muni þeir sæta margvíslegum óþægindum á brezka fiski-markaðinum. Með vissu verður þó ekki um þetta dæmt, hvorki hvort slík óþægindi yrðu á vegi okkar né áversu langvarandi þau yrðu. Úr því sker ekkert nema reynslan. En ég tel, að um ekkert annað geti verið að ræða en það að taka því, sem að höndum kann að bera í þeim efnum og ráða fram úr þeim örðugleikum seftir því sem aðstæður kunna að leyfa. .... Tel ég rétt að ákveða nú hið allra bráðasta, að réttur Íslendinga verði svipaður því sem Norðmönnum nú hefur verið tildæmdur, eins og þessi réttur nánar kemur fram í áðurnefndu Íslandskorti, sem sérfræðingarnir hafa allir athugað, og verði þessi ákvörðun auglýst hið allra bráðasta".

Hér lýkur tilvitnunum í þessa skýrslu.

-----

Ég vildi með framansögðu hafa sýnt, að áður en hið örlagaríka spor var stigið 1952, hafði málið verið þraut-undirbúið í mörg ár, og með tilvitnunum í áðurnefnda skýrslu vildi ég og sýna, að þegar á hólminn kom, var skýrt og skilmerkilega sagt frá öllun fyrirætlunum okkar og í einu hvikað frá í þeim viðræðum við umboðsmenn brezku stjórnarinnar.

En það sem fyrir mér vakir, er þó fyrst og fremst það, að sýna, að í þessari fyrstu viðureign við Bretann, var við flesta sömu örðugleika að etja sem nú. Mætti því ef til vill nú að verulegu leyti styðjast við þá reynslu sem þá fékkst.

Var nú fullnægt því fyrirheiti íslænzkra stjórnarvalda að láta Breta vita um fyrirætlanir Íslendinga áður en til framkvæmda kæmi. Tókst það án þess að ljón yrðu á vegi Íslendingaa, sem valdið gætu innbyrðis ágreiningi eða hiki og máttu Íslendingar vel við una.

Er vel, að um þetta liggja fyrir skýrslur, samdar strax að afloknum viðræðunum af viðkomandi ráðherra og yfirlæsnar og staðfestar af Hans G. Andersen og Agnari Klemenz Jónssyni sem viðstaddir voru þessar viðræður.

Þessu samfara og bæði fyrir og eftir áttá Hans G. Andersen viðræður við færustu erlenda sérfræðinga, sem staðfestu að fyrirætlanir okkar um útfærslu friðunarlínunnar væru í samræmi við Haag-dóminn, svo sem við höfðum haldið fram við Breta. Hafði og áðunnefndur ráðherra einnig átt tal við suma þessa erlendi sérfræðinga.

-----

Eftir allan þennan málatilbúnað, ákvað ríkisstjórn Íslands svo að stíga hið orlagaríka spor og gaf þáverandi sjávarútvegsmálaráðherra út um það reglugerð hinn 19 marz 1952. Tók hún gildi 15. maí sama ár. Voru þá flóar og firðir friðaðir, en landhelgislínan færð út í 4 mílur. Til leiðbeiningar skal þess getið, að fyrir gildistöku þessarar reglugerðar var íslenska fiskveiðilandhelgin aðeins 24 þús. ferkm., en eftir friðunina var hún 43 þús. ferkm., eða nærri helmingi stærri. Til samanburðar skal

Þess getið, að nú þegar fært er út í 12 mílur stækkar fiskveiðilandhelgin aðeins um 25 þús. ferkm. Kemur þetta af því að 1952 unnust svo stór svæði við lokun fjarða og flóa, en nú voru grunnlínur látnar óbreyttar.

Erg tölur þessar að vísu táknrænar, en segja þó aðeins hálfu söguna. Hinn mikli sigur 1952 lá að vísu meðfram í því, að þá tókst því nær að tvöfalda fiskveiðilandhelgina, sem auðvitað er ómetanlegt. En mestur var þó siguruinn fyrir það, að þá tókst að brjóta á bak aftur hina brezku Biblíu um óskeikulleik og helgi þriggja mílna landhelginnar.

-----

Hinn mikli sigur Íslendinga 1952, var ekki dýrkeyptur. Að vísu gerðu brezkir útvegsmenn sér það til háðungar, að setja löndunarbann á íslenskan fisk í Bretlandi. Myndi þau afrek lengi í minnum haft, hefði Bretum ekki tekist að láta það gleymast í skugga nýrra endema, svo sem öllum er kunnugt.

Eftir að löndunarbannið hafði staðið í nokkra mánuði, ákvað stjórn Íslands að taka það mál upp á fundi efnahagssamvinnustofnunar Evrópu í París um miðjan desember 1952. Valdist sami ráðherra til þessarar farar, sem rætt hafði um málið við umboðsmenn brezku stjórnarinnar í London. Þótti rétt að hann tilkynnti stjórn Breta þessar fyrirætlanir og átti hann langar viðræður um löndunarbannið við utanríkisráðherra Breta og tvo aðra ráðherra þeirra í desember 1952. Var þá borin fram og sterkum rökum studd sú ósk og raunar krafa Íslendinga, að brezka stjórnin hlutaðist til um, að aflétt væri löndunarbanninu. Tókst það að vísu ekki fyrr en síðar. Hitt mun hafa lánast, að sannfæra æðstu menn Breta um, að málstaður Íslands, væri, að minnsta kosti í aðalefnum, byggður á lagalegum og siðferðilegum rétti.

Var nú haldið til fundarins í efnahagssamvinnustofnuninni í París. Voru þar mættir fyrir hönd Íslands áðurnefndur ráðherra ásamt sendiherra Íslands í París, Pétri Benediktssyni og Hans G. Andersen.

Í ræðum þeim, sem þar voru fluttar af hálfu Íslands, var málstaður Íslands skýrður í höfuðdráttum og því jafnframt haldið fram að löndunarbannið væri brot á samningum milli Breta og Bandaríkjamanna um efnahagssamvinnu,

Lauk þeim umræðum með þessum orðum Íslendinga:

"Herra forseti,

Til hvers erum við hérna, og hvefs vegna eru þessar þjóðir í öllum þessum samtökum og á öllum þessum samkundum? Er það ekki vegna þess, að við höfum ákveðið að láta ekki valdið beygja réttinn? Er það ekki vegna þess, að við höfum ákveðið að beygja okkur ekki, jafnvel ekki fyrir ennþá sterkara valdi heldur en brezkum fogaræigendum? Þið vitið kannske háttvirtir herrar, við hverja ég á? Auk þess verða menn að skilja, að á Íslandi líta menn svo stórum augum á brezku stjórnina, að engum dettur í hugm að neinn annar en hún stjórnir Bretlandi. Og hvernig eiga smáþjóðirnar að halda trúnni á samþykktir okkar allar og hátíðlegar yfirlýsingar, ef reyndin á að verða sú, að smáir eiginhagsmunahópar geta gert þetta allt að engu?"

Til gamans get ég þess, að "herra forsetinn" var þáverandi utanríkisráðherra Bretlands, Mr. Eden.

-----

Loks þykir rétt að geta þess, að á heimleið átti íslenski ráðherrann viðtal við enskan ráðherra í janúar 1953. Í skýrslu um þær viðræður segir mþa.:

"Brezki ráðherrann hafði orð á því, að málflutningur Íslendinga í París hefði þótt nokkuð sterkur.

Ég tjáði honum, að á Íslandi mundu þeir margir, sem væru undrandi yfir, hversu illa við hefðum haldið á góðum málsstað. Við hefðum þó gert þetta af ásettu ráði, því að síðar mætti alltaf herða á. Næsti málflutningur okkar, t.d. í Sameinuðu þjóðunum, yrði væntanlega um það, hvernig okkur tækist að lifa eftir boðorðinu "Do it by trade, not by aid", þegar höfundar þessa boðorðs, Bretarnir sjáldir, létu fámennan hóp snera niður utanríkisverzlun Íslands um 25%. Inn í þann málflutning myndi sjálfsagt blandast eldri og yngri saga Íslendinga og Breta. Kafli úr henni yrði stríðssaga, sagan um það, þegar Bretar réðust inn í Ísland og hertóku það og frömdu með því þann verknað, sem foringjar þjóðverja voru hengdir fyrir. Sagan af því hvernig sumir forystumenn Íslands, þ.á.m. allir núverandi ráðherrar tóku hernámsþjóðinni, og frömdu með því verknað, sem kvíslingarnir í Norrgi höfðu verið hengdir fyrir. Sagan af því, að þegar innrásarþjóðin tjáði Íslendingum, að hún þyrfti að nota hermenn sína annarsstaðar og það þá um að snúa sér til Roosevelt og biðja Bandaríkin um hvernd Íslendingum til handa, þá gerðu Íslendingar þetta tafarlaust og sneru með því formlegum mótmælum gegn dvöl erlends hers í landinu upp í óskir um það að fá til Íslands her, sem bráðlega varð jafn fjölmennur og allir karlmenn Íslands, ungar sem gamlir. Sagna af því, að eftir að þetta var skeð, fengu bretar samt sem áður þegjandi leyfi til þess að hafa á Íslandi allan þann her, sem þeir töldu sér hanta og gátu án verið.

Að lokum minnst ég svo á hinn vinsamlega viðskilnað að stríðslokum og spurði síðan hvort ráðherran teldi þá viðburði sem nú settu sér stað og kúgunartilraunir brezkra þegna gagnvart Íslendingum vera eðlilegt áframhald af hinni fyrri góða sambúð".



Í þessari skýrslu er, svo sem í áður nefndum skýrslum, að sjálfsögðu gæint frá ótal mörgu öðru, sem máli skiptir og raunar flestu því, sem af Íslands hálfu nú er telt fram sem rökum fyrir okkar málstað. Vinnst hér ekki tími til að fara frekar út í þá sálma. Líkur því hér frásögninni af þessum fyrsta kapítula í hinni löngu og þrotlausu baráttu Íslendinga fyrir þessu mikla velferðar máli sínu, baráttu sem enn stendur yfir, stríði, sem vel getur orðið langt.

Við höfum unnið fyrstu orrustuna. Nær tvöfaldað fiskveiðilandhelgina, skotið grimma ljónið, þ.e.a.s. "hefðina" svo nefndu um helgi þriggja mílna landhelginnar og hafið sókn til þess að kynna málstað okkar á erlendum vettvangi. Okkur hafði tekist í fyrstu lotunni að vekja umtal og glæða skilning og samúð ýmissa völdugra aðila, sem áður kunnu engin skil á málinu og það langt umfram það, sem við höfðum gert okkur vonir um.

-----

Á grundvelli þessa mikla sigurs hefur síðan verið barist látlaust og sleitulaust af íslenskum ríkisstjórnnum og umboðsmönnum þeirra á sérhverjum erlendum vettvangi, þar sem liðstyrks var að vænta, og þá fyrst og fremst á þingi Sameinuðu þjóðanna, en þar hafa þeir Thor Thors og Hans G. Andersen haldið fast og vél á málum Íslendinga og oftast en einu sinni gengið með sigur af hólmi í viðureigninni við stórveldin, einkum við Bretana, og þannig jafnt og þetta þokað málstað Íslanda nær sigrinum.

Öll hefur þessi barátta Íslendinga vakið veröldina til nýs skilnings á þessu mikla velferðarmáli Íslands og fleiri landa. Gleggst vitni þessa eru samþykktir þjóðréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna vorið 1956, en þar var látið að því liggja, að útfærsla í 12 mílur sé heimil. Og svo

loks Genfarráðstefnan, þar sem sjálfir Bretar bera fram tillögu um 6 mílna fiskveiðilandhelgi, en tillaga Kanada um 12 mílna landhelgi fékk þar, sem þunnugt er, 35 atkvæði, en aðeins 30 greiddu mótatkvæði.

Sýnir þetta í hve harðri sókn málsstaður Íslendinga var, enda jafnan vel á honum haldið. Verðskulda þeir Hans G. Andersen, Davíð Ólafsson og Jón Jónsson, sem málið sóttu í Genf, alþjóðarþökk fyrir ágætan málatilbúnað.

-----

Sigur okkar í Genf var stór.

Nú spyrja menn: Var hann rétt hagnýttur? Hefur málsmeðferðin síðan verið rétt?

Um það er deilt og verður deilt. En í dag þer að reyna að setja deilur niður. Sagan getur svo síðan dæmt. Nú varðar einingin - alger þjóðareining - mestu. Mun ég því hér láta liggja í þagnargildi flest það, sem mér kann miður að falla varðandi málsmeðferðina síðustu mánuðina. Enda munu gögn málsins væntanlega síðar verða birt.

En rétt þykir þó að skýra frá því, að þegar ístað, þegar ríkisstjórnin bauð stjórnarandstöðunni samstarf um málið, tók hún boðinu fúslega, ena yrði hún engu leynd í málinu og henni gerður þess kostur að eiga þátt í að tilnefna fulltrúa, er færu með málið á alþjóðavettvangi. Og enda þótt stjórnarandstaðan teldi sér í öndverðu og stundum síðar líftill trúnaður sýndur, þáði hún tafralaust tilboð sjávarútvegmálaráðherra um að nefna mann í nefnd, til þess að ákveða hina nýju fiskveiðalínu. Áttu allir flokkar Alþingis fulltrúa í þeirri nefnd. Mun samstarfið þar hafa gengið vel og allir skilið, að þjóðareining var afar þýðingarmikil.

-----

Hér verður ekki rætt um þau miklu átök um efni og meðferð þessa máls, sem urðu innan stjórnarflokkanna, þar til á odda skarst eftir miðjan maímánuð s.l. En eins og alþjóð vei, var þá talið í þrjá daga, að stjórnin væri að klofna um málið og staðfesti hún raunar sjálf þann orðróm. En meðan sú hildur var háð, taldi stjórnarandstaðan rétt, ef það mætti verða til að skýra málið og greiða fyrir samstöðu og þjóðareiningu, að tilkynna bæði forsætis- og utanríkis ráðherra stefnu hennar í málinu.

Var það gert áður en stjórnin tók éndanlega ákvörðun, eða hinn 21. maí.

Lagði stjórnarandstaðan höfuð áherzlu á tvennt, þ.e.a.s. nauðsynlega réttingu á grunnlínunum og síðan útfærzlu í 12 mílur. Þá vildi og flokkurinn, með sérstakri hliðsjón af því, að íslenski málstaðurinn var stöðugt að vinna á og aldrei þó meir en síðustu mánuðina? "verja enn örfáum vikum til þess að skýra fyrir bandalagsþjóðum Íslendinga þessa hagsmuni, sem tilvera þjóðarinnar byggist á, í fullu trausti þess, að eftir þær útskýringar og rökræður muni ekki aðeins útfærzlan í 12 mílur, heldur og nauðsynleg réttung grunnlíanna fagna meiri skilningi og samúð en nú, og geta komið fyrir til framkvæmda", - svo sem segir í yfirlýsingu Sjálfstæðisflokksins frá 21. maí.

Ástæðan til þess, að svo mikil áherzla var lögð á að rétta grunnlínurnar var eigi aðeins sú, að með þeim hætti hefði hið nýja friðaða svæði orðið miklu stærra en nú varð, heldur og hin, að einmitt slík réttung grunnlínanna hafði hlotið lögmæta samþykkt á Genfarráðstefnunni og var því miklu auðsóttari en sjálf 12 mílna landhelgin,

Eins og kunnugt er, féllst ríkisstjórnin ekki á þessa stefnu, heldur ákvað hún aðeins að hallast að 12 mílunum, en að grunnlínur skyldu óbreyttar. Viðræður til skýringar féllst hún hins vegar á að skyldu fram fara og segir um það svo í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 1. júní s.l., að ríkisstjórnin hafi ákveði: "að vinna að skilningi og viðurkenningu á réttmæti og nauðsyn stækkunarinnar".

Efa ég ekki að það loforð verði efnt, bæði með því að hrekja mótmælanótur þær, sem Íslendingum höfðu borist, svo og með persónulegum viðræðum íslenskra ráðherra í utanförum þeirra í sumar og er þa'ótalið það, sem sízt skyldi gleyma, en það er viðleytni starfsmanna ríkisstjórnarinnar til að skýra málið og skapa um það frið.

-----

Frá því að ríkisstjórnin tók ákvarðanir sínar í mállok hafa nær engar viðræður verið milli stjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar um málið öðru vísi en brélega. Er mér því ekki fyllilega kunnugt um hvað gerst hefur. En illvígur deilur hafa sýnilega geisad innan stjórnar flokkanna og engin tilraun verið gerð til að leyna þeim, nema síður sé, ef dæmt er af stjórnarblöðunum. Leiði ég minn hest að mestu hjá þeim, enda öðru þarfara að sinna.

En skylt tel ég mér að minna á það, að hinn 7. fyrra mánaðar, var svo komið, að sjálfstæðisflokkurinn óttaðist skaðvænleg áhrif þessara deilna, eins og hann líka taldi Íslendingum hættulegt, að erlendum þjóðum væri talin trú um, að stærsti flokkur þjóðarinnar vildi sýna einhverja linkind í þessu velferðarmáli. Fyrir því skrifaði flokkurinn þann dag forsætisráðherranum bréf og óskaði þess, að birt yrðu gögn málsins, þ.á.m.

yfirlýsing sjálfstæðisflokksins frá 21. maí. Bar hún með sér, að fjandmenn Íslendinga í þessu máli áttu sér sízt góðs að vænta af Sjálfstæðisflokknum, því að hann hafði áður en stjórnin markaði sína stefnu gengið lengra í óskum sínum og kröfum en stjórnin sá sér fært eða taldi hyggilegt að aðhyllast. Gerði Sjálfstæðisflokkurinn sér og von um, að birting allra skjala og gagna eyðdi ýmsum missögnum og miskilningi, er hindrað höfðu nauðsynlega þjóðareiningu um málið. Myndi þá erlendum þjóðum skiljast að Íslendingar stæðu saman um þetta mikla mál.

Forsætisráðherran virti þetta bréf ekki svars.

Af framansögðu er ljóst, að stjórnarandstaðan hafði ekki talið rétt í maímánuði að birta stefnu sína öðrum en ríkisstjórninni úr því að hún gat ekki fallist á þá stefnu. Vildi hún með því forðast að vekja deilur. Hinsvegar taldi hún það þjóðarnauðsyn að birta stefnuna hinn 7. ágúst, vegna þess að það gat haft örlagarík og skaðvænleg áhrif fyrir Íslendinga, ef því yrði trúað að stærsti flokkurinn væri reiðubúin til afsláttar, en einmitt því hafði oft verið á lofti haldið í stjórnarblöðunum.

-----

Þá þykir mér rétt að minna á, að hinn 22. ágúst ritaði stjórnarandstaðan utanríkisráðherra bréf og fór þess á leit, að hann krefðist ráðherrafundar í NATO, til þess að ræða þar ofbeldishótanir Breta í sambandi við útfærslu fiskveiðalandhelginnar. Benti hún á að skv. 4. gr. stofnsamnings Norður-Atlantshafsbandalagsins, væri það bæði réttur og skylda Íslendinga að kalla bandamenn sína til samráðs um slíkar hótanir, enda myndi hægara að afstýra

voðanum en bæta úr honum eftir á. Utanríkisráðherra hafnaði þessum óskum með bréfi 28. ágúst. Þar segir mþapþ

"Hóf fulltrúi Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu viðtöl við fulltrúa bandalagsþjóðanna í síðari hluta júlí-mánaðar og hefur þeim verið haldið áfram síðar. Árangur hefur ekki náðst af þessu, en viðræðunum verður haldið áfram og það þæutreynt til seinustu stundar að ná jákvæðri niðurstöðu.

Það er rétt sem kemur fram í bréfi yðar, að talað er um, að Bretar ætli að veita togurum sínum herskipavernd innan íslenzkrar fiskveiðilögsögu eftir 1. september. Birtar hafa verið um það fréttir í brezkum blöðum og útvarpi. Ríkisstjórnin hefur enga förmlega orðsendingu um þetta fengið, þótt henni sé kunnugt um, hvað frá brezku stjórninni hefur birst í brezkum blöðum og útvarpi. Að óreyndu verður því þó ekki trúað, að bandalagsþjóð Íslendinga grípi til hervalds í því augnamiði að koma í veg fyrir, að Íslendingar geti gætt fiskveiðilandhelgi sinnar.

Af þeim ástæðum og viðtölum fara enn fram á vegumAtlantshafsbandalagsins um landhelgismálið og að ekki er hægt að trúa því að óreyndu, að bandalagsþjóð Íslendinga beiti þá ofríki, tel ég ekki rétt á þessu stigi að óska eftir ráðherrafundi í Atlantshafsbandalaginu vegna þessa málefns."

Þessi ummæli utanríkisráðherra virðast að því leyti á misskilningi byggð, að einmitt um sama leyti var tilkynnt að umræðurnar í NATO væru hættar. En fyrir traust utanríkisráðherra á bandalagsþjóð Íslendinga þökkðu svo Bretar sjálfir þremur dögum síðar með vopnabraki.

Ég skal ekki rekja sögu stríðsins, sem hófst 1. þ.m. milli flota breska heimsveldisins og litlu varðskipanna okkar. Ég kemst þó ekki hjá að víkja örfáum orðum að hinu svonefnda Paynters-hneyksli.

Enskt varðskip leitar í annað sinn hafnar með botnlanga-sjúkling, sem þarfnast uppskurðar. Að þessu sinni verður herskipið að fresta störfum um stund sem verndari landhelgisbrjótanna og gerast þess í stað snattbátur þeirra, svo að þeir þurfi hvorki að tefja sig frá landhelgisveiðunum né standa fyrir máli sínu á íslenzkri grund.

Þegar herskipið kom til Vatneyrarm fylgdi lækni þess hinum sjúka manni til lands, en þegar þangað kom, vildi svo til að héraðslæknirinn hafði verið kvaddur til íslenzks sjúklings allfjarri Vatneyri. Var nú gert hvort tveggja í senn að reyna að stöðva för íslenzka læknisins, snúa honum við á miðri leið og áður en hann fengi aðstoðað íslenzka sjúklinginn og jafnframt að óska þess, að brezki sjúklíngurinn fengi notið hjálpar brezka læknisins á meðan. Það ótrúlega skeði, að skipherra herskipsins synjaði beiðninni og skipaði lækni sínum að koma tafarlaust á skipsfjöi. Síðan hraðað hann för sinni til skyldustarfanna á nýju. Íslenzki lækniinn sneri hinsvegar tafarlaust við, lét íslenzka sjúklinginn bíða, en hraðaða för sinni þangað, sem þörfin var brýnni þ.e.a.s. til hins brezka sjómanns.

Báðir, Bretinn og Íslendingurinn, munu hafa talið sig gera sína skyldu.

-----

Meðan á þessu stóð var barist á hafinu. Landhelgisbrjóturinn sem sjúklingurinn kom frá, hélt þrifa-  
starfi sínu áfram. Íslenzkir varðskipsmenn réðust  
þá til uppgöngu. Þeim var mætt með bareflum, en  
þeir sigðu og bjuggust til að halda til hafnar  
með afbrotamennina.

En þá komu boð frá allra hæstu stöðum.

Hægan piltar. Sleppið sökudólgnum strax, en flýtið  
ykkur til ykkar eigin skipa. Annað gæti orðið til  
þess að einhverjir rægi Íslendinga.

Hér er of langt gengið.

e

Það hefir alltaf og mun alltaf liggja ljóst fyrir að  
íslenzk líknarhönd, býður alla Breta velkomna. Eins  
og nú standa sakir, krefjumst við þess, að skip hins  
sjúka flytji hann sjálf til hafnar. Ég legg ekki dóm  
á sannleiksgildi þess, að sjúklingur sá, sem hér um  
ræðir, hefði ekki þolað flutning frá herskipinu yfir í  
togarann, úr því að ráðamenn beggja skipanna höfðu talið  
betra að flytja hann frá togaranum yfir í varðskipið  
en að hætta á að togarinn héldi sjálfur til hafnar.  
En hvað sem því líður, verður það að liggja ljóst fyrir  
að slíkum herbrögðum verði Íslendingar ekki ~~afur~~ beittir  
með samþykki æðstu manna landsins.

-----

Við neitum því eindreigið að létta ránsmönnum af-  
brotin, með því að leyfa verndurum þeirram ~~herskipunum~~  
að flytja þá sjúku í líknandi læknishendur eins og hér  
var gert.



Kvíði ræninginn því að sigla til íslenzkrar hafnar, til þess þar að leita sjúkum hjálpar, þá er það aðeins maklegt. Að óreyndu verður því ekki trúað, að skipstjóri hætti á að fórna lífi skipverja sinna að hlífð við pyngju útgerðarmannsins. En séu brezku landhelgisbrjótarnir slíkirópokkar, þá er það þeirra mál, en ekki okkar.

Íslendingar vilja ekki, að forsætisráðherra landsins skipi íslenzkum varðskipsmönnum að hypja sig burtu og sleppa sökudólgnum. Slíkt athæfi hlýtir líka að draga þrótt úr varðskipsmönnum og er þá einnig með þeim hætti þeim aðstoð viðlandhelgisbrjótana.

-----

Íslenzka þjóðin neitar þessu athæfi og krefst þess, að það verði ekki endurtekið.

Ósændingar vilja að vísu að farið sé að öllu með gætni. En of mikil gætni getur valdið misskilningi og kann að verða skilin sem þróttleydi eða ragmennska.

Fyrir ákvörðun sinni færði forsætisráðherra þessi rök:

"Var ákveðið að nota ekki fjarveru herskipsins til þess að taka togarann, þar eð slíkt kynni að verða túlkað á þann veg, að herskipinu hefði ekki verið leyft að leita hafnar af mannúðarástæðum, heldur til þess að skapa tækifæri til þess að þandtaka togara, en af því hefði getað leitt hættulegan misskilning erlendis, varðandi framkvæmd landhelgisgæzlunnar í þessu tilfelli".

Þetta er misheppnuð göfugmennska. Þetta er ekki "fair play". Þetta er ekki að leika drengilega. Þetta er að leika af sér. Hér er það ekkert aðalatriði, hvað brezkir togaraeigendur eða aðrir slékir "túlka". Aðalatriðið er

að halda af fremsta megni uppi lögum og rétti, forðast  
að gera örlagaþrungna baráttu okkar broslega og svo  
auðvitað að hafa í heiðri lög mannúðar og drengskapar.

-----

En hvað varðar okkur um mennina, sem forsætisráðherra  
í útvarpsræðu sinni í fyrrakvöld fór um þessum orðum:

"Myndu andstæðingar okkar erlendis, sem ráða daglega  
yfir keyptum blaðakosti til áróðurs og rógburðar gegn  
okkur, hafa gripið þetta tækifæri fegins hendi" o.s.frv.

Látum slíka menn eyða fé sínu til að útbreiða lygar og  
róg um okkur, en látum það fyrir alla muni ekki henda  
okkur sjálfa, að óttinn við vítavert atferli þeirra  
rugli algjörlega ómgreind okkar og leiði okkur aflega.

o

Megi ekki taka brezka togara, þegar herskipin eru fjar-  
stödd í þágu landhelgisbrjótanna og geta því ekki þá  
stundina hindrað töku þeirra með ofbeldi, og sé heldur  
ekki hægt að taka sökudólganna vegna ofbeldis herskip-  
anna, þegar þau eru nætstödd, hvenær má og þá eiginlega  
koma lögum yfir þá?

Ég ræði þetta atriði ekki frekar að sinni,

-----

Ég fer ekki dult með, að ég tel, að Íslendingar hafi  
sumt ekki hagnýtt unna sigra réttilega, ogán efa var  
það ekki hyggilegt af Íslendingum, sem í 10 ár höfðu  
barist fyrir að settar yrðu réttarreglur um friðun  
fiskimiða, þó lýsa því yfir einmitt rétt áður, en  
sú ráðstefna hófst, sem búizt var við að tæki endan-  
legar ákvarðanir um málið, að Ísland myndi hafa samþykktir

hennar að engu, ef þær væru ekki í samræmi við ýtrustu óskir okkar. Slíkar yfirlýsingar styrkja ekki málstað smáþjóðar, sem allt sitt á undir sanngirni og réttðæmi og eru sízt til þess fallnar að skapa þann skilning og þá samúð, sem Íslendingum er svo mikils virði. Ekki munu menn heldur fá skilið, þegar þess er krafizt, að Ísland kæri Breta fyrir Sameinuðu þjóðunum, en þó talið fráleitt, að landhelgi Íslands sé rædd á þinginu. Menn mundu spyrja, hvernig takast megi að sanna sök Breta, nema með því að sanna rétt Íslendinga, og ennfremur, hvernig færa megi sönnur á þann rétt, ef alls ekki má "ræða landhelgismál Íslands sérstaklega".

Þetta og margt fleira ber vanþroska okkar vott og veikir okkur. Það er líka illt viti, að þótt ríkisstjórnin hafi stefnt máli okkar til sameinuðu þjóðanna virðist, sem stjórnin hafi ekki gert sér fullnaðar-grein fyrir því hvert sé erindi utanríkisráðherra á þingið, eða jafnvel um að það sé full óeingng. Vísu ég þar til ummæla stjórnarblaðanna undanfarna daga.

-----

Í öllu þessu og mörgu öðru er framkomu okkar áótavant í þessu mikla velverðarmáli þjóðarinnar.

En úr því má enn bæta. Og úr því verður að bæta.

Við verðum að lata það ásannast, að þótt vegur brezka flotans hafi aldrei verið jafn aumur, sem nú, þá hefur hann þó unnið einn sigur úti fyrir ströndum Íslands. Honum hefur teksit að sigta íslenzka sundrung. Breski flötinn hefur unnið þessa fyrstu orrustu. Sá sigur setti að endast honum til þess að skapa stríðinu við smæstu þjóð heimsins. Það verður að sannast, að þjó, sem berst fyrir lífi sínu og tilveru, þjóð sem

sýnt getur og sannað, að hún fær ekki að lifa menningar-  
lífi í sínu fagra landi, eigi húnnað halda áfram að seðja  
erlenda veiðivarga við matborð sitt, smáþjóð, sem ekkert  
blasir við nema landauðn eða stærri landhelgi, hún  
sigrar jafnvel stórveldi, sé hún einhuga og úr því að  
hún er svo lánsöm að eiga bólfestu vestan járntjaldsins.  
Austan þess gildir máttur en ekki réttur. Þess ber þeim  
að minnast sem hampa sigurvissu Íslendinga, en trúa þó  
á rússneskt réttlæti og sanngirni.

-----

Í þessu máli veldur mikið á einingu. Algjerri órjúfan-  
legri þjóðareiningu. Gelymum því ekki. En gleymun  
innlendum deilum.

Stjórnin verður að sættast innbyrðis heilum sáttum. Við  
Sjálfstæðismenn erum fúsir að jafna allan ágreining um  
málið. Eftir það eiga menn að ræðast við í fullum trúnaði  
og einlægni, en lúta síðan vitrustu manna yfirsýn, um  
hvað hyggilegt sé að aðhafast.

Ég tel mér rétt á þessu stigi málsins að fullyrða ekkert  
um, hvort æskilegast væri að Haag-dómur, ný ráðstefna eða  
allsherjarþingið geri út um málið, ef um það eitt væri  
að velja. En ég tel, að við meigum vel athuga, hvenær  
við teljum að Bretar hafi fyllt svo bikar þolimmæði okkar,  
að út af flói, þannig að við teljum rétt og jafnvel  
óhjákvæmilegt, að kæra þessa gömlu vinabjóð á réttum  
vettvangi. Er þá gott að benda á vitni eins og Eisenhower  
forseta, sem 11. þ.m. sagði í útvarpstæðu:

"En ég held að allir bandarískir hermenn - og ég held  
einnig bandaríska þjóðin - sé reiðubúin að verja þá  
meginreglu, að vopnuðu ofbeldi á ekki að beita til að  
koma málum sínum fram".

Og annað sterkt vitni , þ.e.a.s. forsætisráðherra Bretlands, munum við leiða. Eftir honum eru höfð í Reutersfrétt frá 16. þ.m. þessi ummæli:

"Macmillan sagði, að hér væri í rauninni ekki um að ræða deilu um réttarstöðu eyjanna við Kínastrendur, heldur hitt, hvort deilan skuli útkljáð með valdi. Í þessu séu Bretar gersamlega sammála Bandaríkjastjórn."

Við munum heimta að njóta sama réttar og stórveldið Kína, þótt við séum ekki í bræðralagi við Kínverja, heldur við Breta og Bandaríkjamenn, og séum ekki gráir fyrir járnum eins og Kínverjar, heldur vopnlausir.

-----

Og verði okkur meinaður sá réttur, munum við enn sem fyrr segja: "Til hvers erum við hérna, og hvers vegna eru allar þessar þjóðir í öllum þessum samtökum og á öllum þessum samkundum? Er það ekki vegna þess að við höfum ákveðið að láta ekki valdið beygja réttinn?"

En síðan munum við ræða mál okkar alltaf og allsstaðar, þar sem rödd okkar heyrst, og þar tál yfir lýkur. Kannske eru þau vopn eins sterk og fallbyssur brezka flotans þegar á reynir.

Einhverjum kann ef til vill að þykja þessi ummæli mín þera vott um skaphita meira en rólega íhugun, en svo er ekki. Ég hefi einmitt íhugað málið frá öllum hliðum. Og það vil ég taka fram, að það hefir aldrei hvarflað að mér að taka undir mál þeirra manna, sem stöðugt bera á vörum sér að Íslendingum beri að ganga úr Atlantshafsbandalaginu, fái þeir ekki stuðning allra bandalagsþjóðanna

í þessu velferðarmáli sínu. Mín skoðun er sú, að þjóð, sem segjist heldur vilja deyja fyrir frelsið, en lifa án þess, viðurkennir, að frelsið byggist á mættinum, sér og skilur, að engin keðja er sterkari en veikasti hlekkur hennar, en hótar þó að höggva sinn hlekk í sundur, fái hún ekki ein og tafarlaust öllum sínum óskum framgengt - slík þjóð skilur ekki sitt hlutverk í samstarfi frjálsra þjóða. Eg tel að Íslendingar þurfi margt að reyna, og á þolinmæði þeirra megi margt leggja, áðir en þeir leyfa sér slíkar hugleiðingar eða ummæli. Hitt er svo annað mál, að innan þessa bandalags berjumst við einarðlega við hvern sem er að etja, meðan við förum með rétt mál. Og mín trú er sú, og okkar hamingja er sú, að rétt mál mun sigra á þeim vettvangi fyrr eða síðar, og heldur fyrr en síðar. En yfirsjónir og frumhlaup, sem úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu, myndi ekki aðeins örlagaríkt fyrir Íslendinga, heldur og fyrir allan hinn frjálsa heim.

-----

Íslenzkir sjómenn hafa í þessu stríði sýnt hver maður með þeim býr. Fyrir það geldur þjóðin þeim miklar þakkir. Manndómur þeirra og einhugur á að vera okkur hinum til fyrirmyndar. Meði svo verða.

Góðir stúdentar! Látum okkur minnst þess, að nú er ekki lengur einvörðungu barist um fjárhagslega afkomu Íslendinga. Nú er barist um heiður og sóma þjóðarinnar. Endist það okkur ekki til einingar, eigum við ekkert annað skilið en að bíða ósigur. Mátum það aldrei verða.

Íslenzkir stúdentar eiga sér merka sögu. Skrifðu nú, ungu stúdentar, nýjan kapítula í þá merku sögu. Bætið ykkur allir sem einn, hvar í flokki, sem þið standið, fyrir hinni algjöru þjóðareiningu.

-----

Stúdentar:

Verum minnugir sannleiksgildis orða skáldsins, sem með  
rökum sóttum í sögu Þjóðarinnar, flutti þessi þungu  
aðvörunarorð:

"Lands vors tjón var arfur eigin synna.  
Öld sem kynni heftúð sína blinda,  
dauðaafjötur knýtti sjálfri sér".

Látum það böl ekki henda okkur oft og aldrei þó síður  
en eimitt nú.

"Litla þjóð sem átt í vök að verjast.  
Vertu ei við sjálfa þig að berjast."

Ræða á fundi Stúdentafélags Reykjavíkur 28. sept. 1958.  
(Mbl. 30 september 1958).

6.

## MARGÞÆTTUR SIGUR.

Með þessum sættum hafði Ísland unnið margþættan sigur. Varðandá sjálfa landhelgina voru ákvæði sammingsins okkur ósambærilega miklu hagstæðari en tafarlaus og skilmálalaus viðurkenning 12 mílnanna. En auk þess hafði nú tekist að tengja að nýju gömul bönd samúðar og gagnkvæmrar vináttu milli Íslendinga og Breta og með því verið vikið frá vörum þjóðarinnar og alls hins frelsisunnandi heims hinum beizka bikar fjörráða kommúnistanna.

Margir erlendir stjórnámálamenn, veinveittir Íslandi, hafa látið í ljós undrun yfor því, að Íslendingum skyldi takast að ná þessum sáttum, og er það að vonum. Dykir mörgum með öllu óskiljanlegt, að Íslendingar skyldu kaupa þær því einu verði að heita því að lúta þeim lögmálum, sem allar menningarþjóðir telja sér skylt að fylgja þeim er mest nauðsyn á, sem minnstar eru, en það er að leita alþjóðadóms um lögmæti nýrrar útfærzlu landhelginnar. En þessa yfirlýsingu gáfu Íslendingar, jafnframt því sem þeir lýstu yfir, að þeir myndu halda áfram baráttunni fyrir stækkaðri landhelgi eftir öllum löglegum leiðum.

Úr landsfundarræðu, 25. apríl 1963.